

Alþingi
Erindi nr. P 140/539
komudagur 29.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. nóvember 2011.

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta, 83. mál.

Öryrkjabandalag Íslands telur tillögu um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blint fólk og fólk með skerðingar á skynjun mjög jákvæða og hvetur til frekari vinnu á þessu sviði.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni yrði slíkur garður nánast einsdæmi í heiminum og myndi hafa jákvæð áhrif á ímynd Íslands sem ferðamannalands. Skref yrði stigið til þess að gera Ísland að eftirsóknarverðum áningarstað fyrir fatlað fólk. Þarna opnast tækifæri fyrir íslenska hugvits- og listamenn að takast á við það krefjandi verkefni að höfða til mismunandi skilningarvita einstaklinga. Þegar almenningur hefur tækifæri á að upplifa náttúru og list með mismunandi skilningarvitum, getur jafnframt átt sér stað ákveðin vitundarvakning um það hvernig lífið er með skerta skynjun.

ÖBÍ vill benda á að hugtakið skynheftur er ekki þekkt hugtak. Þegar tekin eru upp ný eða óþekkt hugtök er mikilvægt að útskýra vel hvaða merking liggur þar að baki.

Það eru sjálfsögð mannréttindi fatlaðs fólks að taka þátt í menningarlífi til jafns við aðra og má benda á 30. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í því samhengi. Lista- og náttúrugarður fyrir blinda og skynhefta yrði því jákvætt innlegg í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks. ÖBÍ leggur til að unnið verði með hagsmunasamtökum fatlaðs fólks varðandi frekari útfærslur á slíkum garði, ásamt þekkingarmiðstöðvum, svo sem Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Virðingarfyllt

Sigríður Hafðís Runólfsdóttir
ferlimálafulltrúi Öryrkjabandalags Íslands